

- 61 Byggingarnefnd samkvæmt lögnum skal kosin á fyrsta fundi bæjarstjórnar,
31. okt. eftir að lögin öðlast gildi, og gildir kosning hennar, þangað til fastar nefndir bæjar-
stjórnar eru kosnar í febrúar 1945.

Gjört í Reykjavík, 31. október 1944.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Finnur Jónsson.

Stjórnartíðindi 1944, A. 8.

62

L Ö G

27. nóv.

um nýbyggingarráð.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
þykki mínu:

1. gr.

Af innceignum Landsbanka Íslands erlendis skal jafngildi að minnsta kosti 300 milljóna ísl. króna lagt á sérstakan reikning, og skal eingöngu verja fjárhæð þeirri til kaupa á framleiðslutækjum og til annarrar nýsköpunar í atvinnulífi þjóðarinnar, samkvæmt nánari ákvörðun nýbyggingarráðs.

2. gr.

Ríkisstjórnin skipar fjögurra manna nefnd, er nefnist nýbyggingarráð.

Hlutverk þess er að búa til heildaráætlun, fyrst um sinn miðaða við næstu fimm ár, um nýsköpun íslenzks þjóðarþúskapar. Skal þar áætlað, hver atvinnutæki, samgöngutæki, byggingar og annað þurfi til sjávar og sveita, til þess að allir Íslendingar geti haft vinnu við sem arðbærastan atvinnurekstur, svo og, hvernig bezt verði fyrir komið innflutningi fáanlegra tækja og efnis á næstu árum með það fyrir augum að hagnýta sem bezt vinnuafli þjóðarinnar og auðlindir landsins.

Þá skal nýbyggingarráð gera áætlanir um, hvar tækin skuli staðsett, og tillögur um byggingar og aðrar framkvæmdir í því sambandi.

Nýbyggingarráð hlutast til um, að slík tæki verði keypt utan lands eða gerð innan lands svo fljótt sem auðið er, og hefur milligöngu fyrir þá aðila, sem þau vilja kaupa og þess óska.

Innflutningsleyfi og gjaldeyrisleifi til framangreindra ráðstafana á fé samkvæmt 1. gr. skulu veitt samkvæmt tillögum nýbyggingarráðs.

Kostnaður við störf nýbyggingarráðs greiðist úr ríkissjóði.

3. gr.

Ríkisstjórnin ákveður með reglugerð nánar um starf nýbyggingarráðs. Nýbyggingarráð hefur rétt til þess að ráða sérfræðinga og annað starfsfólk í þjónustu sína. Fela má nýbyggingarráði starf þeirra millipinganeftnda, sem nú eru starfandi í skipulagsmálum atvinnurekstrar eftir stríð, sjávarútvegsmálum og í raforkumálum, ef ríkisstjórnin álitur það hentugra, svo að starfið vinnist fljótar og betur, og skulu þá nefndir þessar lagðar niður, jafnóðum og nýbyggingarráð tekur við störfum þeirra.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

4. gr.

62

27. nóv.

Gjört í Reykjavík, 27. nóvember 1944.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

L Ö G

63

1. des.

um breyting á ljósmæðralögum, nr. 17 19. júní 1933.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 4. gr. laganna bætist:

Ef tveimur eða fleirum ljósmóðurumdæmum er steypt saman í eitt umdæmi fyrir það, að sýnt þykir, að umdæmin fáist ekki skipuð hvert í sínu lagi, er ráðherra heimilt að ákveða ljósmóður hins nýja umdæmis laun, er nema mega allt að samantölum launum hinna fyrri umdæma.

2. gr.

Lög þessi ganga í gildi þegar í stað.

Gjört í Reykjavík, 1. desember 1944.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Finnur Jónsson.

L Ö G

64

1. des.

um heilsuverndarstöðvar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í kaupstað hverjum skal reka heilsuverndarstöð, nema ráðherra veiti undanþágu frá þeirri skyldu með ráði berklayfirlæknis, sbr. einnig ákvæði 6. gr.

Um skipun og rekstur heilsuverndarstöðvar fer samkvæmt lögum þessum og reglugerð, er hlutaðeigandi bæjarstjórn og stjórn hlutaðeigandi sjúkrasamlags semja, en ráðherra staðfestir.

2. gr.

Heilsuverndarstöð ber að rækja berklavarnarstarfsemi í umdæmi sínu samkvæmt ákvæðum berklavarnarlaga og nánari fyrirmælum berklayfirlæknis, en aðra